

# STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 1999

9. ágúst 1999

1701

Nr. 563

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Harðbalahverfis, Kjósarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Kjósarhrepps þann 3. maí 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Harðbalahverfis í Kjósarhreppi, dags. 6. nóvember 1995.

Breytingin er lóð til viðbótar að austanverðu við núverandi skipulag. Lóðin er íbúðarlóð á sömu skilmálum og Harðbali 1-4. Lóðin heitir Litla Tunga og er 31.150 m<sup>2</sup> að stærð. Litla Tunga hefur sjálfstæða aðkomu af þjóðveginum.

Greinargerð og uppráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt skipulag fyrir sama svæði frá 6. nóvember 1995.

*Kjós, 9. ágúst 1999.*

F. h. sveitarstjórnar Kjósarhrepps,

**Ólafur Halldórsson** byggingafulltrúi.

12. ágúst 1999

Nr. 564

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag lóðarinnar Langholtsvegur 84 og breytingu á deiliskipulagi lóða nr. 62, 66 og 68 við Skipholt í Reykjavík.

*Langholtsvegur 84.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. júní 1999, að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir lóðina að Langholtsvegi 84. Engar athugasemdir bárust við tillögunu. Skipulags- og umferðarnefnd samþykkti skipulagstillögunu á fundi sínum þann 19. júlí 1999. Í hinu nýja skipulagi felst breyting á skipulagi lóðar auk þess sem gert er ráð fyrir fjórum nýjum íbúðum í því húsi á lóðinni sem áður var nýtt fyrir verslun.

Skipulagsstofnun hefur verið sent deiliskipulagið til yfirferðar og voru ekki gerðar við það athugasemdir.